

## Skólaráð 29. janúar 2019

Mættir: Karl fulltrúi foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Haraldur fulltrúi 6. bekkjar, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúi kennara, Guðný fulltrúi starfsfólks, Aðalbjörg og Árni.

Fundarritari: Árni

Dagskrá: Loftgæði í skólahúsnæðinu. Skólaráð boðað til fundar vegna fréttar 26. janúar 2019 sem birtist í Fréttablaðinu um loftgæðin í skólahúsnæðinu.

- Fréttin rædd og farið yfir næstu skref.
- Farið yfir niðurstöður fundar 24. janúar 2019, um næstu skref í aðgerðum vegna loftgæða í skólanum, sem sviðsstjóri SFS boðaði til í skólanum með fulltrúum frá USK, SFS, skólastjórnendum, umsjónarmanni skólans og foreldri barnsins sem veikt hefur. Niðurstaða fundarins með sviðsstjóra var að staðfest var að gera ætti við fyrsta tækifæri aðrar og ítarlegri mælingar en áður voru gerðar á loftgæðunum í öllu skólahúsnæðinu. Staðfest var að mælingar yrðu framkvæmdar af öðrum aðila en Mannviti. Einnig var rætt að stefnt yrði á að skipta út loftklæðningum í fataklefum í Vesturlandi. Á fundinum var ítrekað mikilvægi þess að USK fengi niðurstöður á úttektinni eins hratt og hægt væri. Á fundinum kom fram að í sumar á að setja nýtt þak á Meginland, sem er miðálma skólans og hýsir m.a. íþróttahús, heimilisfræði og kaffistofu starfsfólks.
- Nemandinn sem veiktist er eingöngu í Vesturlandi þegar hann er í skólanum.
- Skólastjóri ætlar að ýta á málið undir vikulok ef mælingar eru ekki hafnar í vikunni.
- Ráðið verður upplýst um framvindu mála í vikunni með tölvupóstum.